

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2015


Efni: Tillaga til þingsályktunar um eflingu virkniúrræða fyrir atvinnuleitendur (122. mál)

Viðskiptaráð þakkar velferðarnefnd Alþingis fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu. Þingsályktunartillagan kveður á um það að Alþingi álykti að fela félags- og húsnæðismálaráðherra að efla virkniúrræði fyrir atvinnuleitendur og fjölga slíkum úrræðum.

Viðskiptaráð tekur undir markmið þingsályktunartillögunnar og telur að það sé samfélaginu til hagsbóta að ráðast í umbætur á þessu sviði. Líkt og ráðið benti á í riti sem gefið var út í febrúar síðastliðnum, *Hið opinbera: tími til breytinga*, nema útgjöld vegna fjárhagslegs stuðnings við ýmsa þjóðfélagshópa rúmlega fimmtungi af útgjöldum hins opinbera eða um 126 milljörðum (mynd 1). Stærsti hluti millifærslna til einstaklinga koma til vegna félagslegra aðstæðna, eða um 58 ma. kr. á ári. Í þann flokk falla bætur vegna atvinnuleysis og nema þær rúmum 18 ma. kr. árlega. Því eru umtalsverðir fjármunir í húfi.

Mynd 1

Millifærslur til ýmissa þjóðfélagshópa nema rúmlega fimmtungi af útgjöldum hins opinbera



¹ Samkvæmt ríkisreikningi og ársreikningum sveitarfélaga fyrir árið 2013
Heimild: Fjársýsla ríkisins, greining Viðskiptaráðs Íslands

Í greinargerð með tillöggunni kemur fram að flutningsmenn hennar telji nauðsynlegt að lagaheimildir sem skylda atvinnuleitendur til að taka þátt í virkniúrræðum verði nýttar. Viðskiptaráð tekur undir þetta sjónarmið og telur rétt að það verði skilyrði greiðslu úr atvinnuleysistryggingasjóði og framfærslu sveitarfélaga að atvinnuleitendur notfæri sér virkniúrræði við hæfi. Þetta eigi þó einungis við hafi viðkomandi ekki fundið nýja vinnu innan nokkurra mánuða, líkt og segir í greinargerðinni. Slíkt fyrirkomulag myndi koma í veg fyrir stóran hluta bótasvika en rannsóknir hafa einnig sýnt að það hafi neikvæð áhrif á heilsu fólks að vera lengi frá vinnu.¹

Líkt og getið er í greinargerð með þingsályktunartillöggunni gefa nýjustu tölur um hlutfall einstaklinga á atvinnuleysisskrá tilefni til bjartsýni. Þó að atvinnuleysi hafi verið á undanhaldi síðustu mánuði er þó rétt að benda á að útgjöld vegna fjárhagslegs stuðnings við einstaklinga hafa aukist umtalsvert á undanförunum árum. Í dag eru útgjöld vegna slíkra velferðartilfærslna umtalsvert hærrí hér á landi en á öðrum Norðurlöndum.² Munar þar mest um fjölgun einstaklinga sem þiggja örorkulífeyri. Nýgreindum öryrkjum hefur fjölgað um 3% á ári frá árinu 1990 og áætlað er að einungis 3% þeirra sem þiggja örorkulífeyri í dag muni finna sér starf á vinnumarkaði (mynd 2). Þessi þróun hefur leitt til þess að í dag þiggur einn af hverjum tíu einstaklingum á vinnualdri örorkulífeyri.³ Þetta er töluvert hærra hlutfall en annars staðar innan OECD en meðaltal einstaklinga sem þiggja örorkulífeyri innan OECD ríkjanna er 6%.⁴

Mynd 2


Hraðari fjölgun öryrkja en áður og lágt þátttökuhlutfall þeirra á vinnumarkaði er áhyggjuefni fyrir íslenskt samfélag

Sífelld fleiri eru greindir með örorku ...

Fjöldi nýgreindra 75% öryrkja

... og aðeins 3% þeirra finna starf

Hlutfall örorkulífeyrisþega



Heimild: Samráðsvettvangur um aukna hagsæld á Íslandi

Þessar tölur eru áhyggjuefni og telur Viðskiptaráð rétt að benda á mikilvægi þess að aðstoð við þá sem eru óvirkir á vinnumarkaði vegna örorku verði gerð skilvirkari. Núverandi fyrirkomulag leiðir til þess að fjöldi einstaklinga sem hefur starfsgetu upp að ákveðnu marki finnur sér ekki störf þrátt fyrir að hafa vilja til þess. Af því leiðir að þetta fólk mun ekki taka virkan þátt í samfélaginu með þeim hætti sem það hefur vilja og getu til.

¹ Vigdís Jónsdóttir (2013), Starfsgeta, þátttaka og velferð, bls. 1.

² OECD social expenditure database.

³ Ársskýrsla og staðtölur Tryggingastofnunar (2013).

⁴ Vigdís Jónsdóttir (2013), Starfsgeta, þátttaka og velferð, bls. 1.

Nýlega náðist samkomulag milli stjórnvalda og heildarsamtaka vinnumarkaðarins sem tryggir öllum sem á þurfa að halda atvinnutengda starfsendurhæfingu til að verða virkir á vinnumarkaði. Þetta er vissulega til bóta. Viðskiptaráð telur hins vegar að ráðast þurfi í frekari umbætur á þessu sviði. Sú breyting sem er mest aðkallandi í þessu samhengi felst í því að starfsgeta einstaklinga verði metin í stað vangetu. Heildarmat á starfsgetu þar sem færni einstaklinga er metin út frá líkamlegum, andlegum og félagslegum forsendum er mun líklegri til árangurs en núverandi fyrirkomulag.

Einnig þarf að endurskoða samspil skatta- og bótakerfisins þannig að saman dragi þau ekki um of úr hvata einstaklinga til þátttöku á vinnumarkaði. Líta ætti til atvinnumöguleika við ákvörðun bóta og veita ætti fólki tækifæri til að spreyta sig á vinnumarkaði án þess að það glati bótarétti þannig að það komi niður á ráðstöfunartekjum. Þá þarf að efla starfsendurhæfingu fyrir örorkulífeyrisþega og endurmeta örorkumat þeirra með reglulegu millibili, nema veikindi geti ekki breyst. Að lokum er mikilvægt að efla framkvæmd tilfærslna og eftirlit með þeim til að koma í veg fyrir bótasvik.

Yfirgripsmiklar breytingartillögur í þessa veru hafa verið lagðar fram af verkefnisstjórn Samráðsvettvangs um aukna hagsæld á Íslandi, samstarfsverkefni stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og fræðasamfélags. Frá því að tillögurnar voru lagðar fram á vormánuðum ársins 2012 hefur hins vegar lítið þokast í átt til umbóta í þessum málaflokk. Það er því ekki skortur á úrbótatillögum sem veldur óbreyttu fyrirkomulagi, heldur skortur á forystu um að innleiða þær breytingartillögur sem þegar hafa verið lagðar fram. Verði breyting í þeim efnunum má færa lífsgæði fjölda einstaklinga til betri vegar.

Viðskiptaráð leggur til að þingsályktunartillagan nái fram að ganga að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllt,



Marta Guðrún Blöndal
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands